

Ungmennaráðsfundur 22.11.2015 kl. 20:23.

Mætt: Jón Egill Hafsteinsson (JEH), Hulda María Valgeirsdóttir (HMV), Eva Rós Sveinsdóttir (ERS), Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS), Aníta Rut Gunnarsdóttir (ARG)

Forföll: Fríður Finna Sigurðardóttir, Edda Anika Einarsdóttir.

1. Rödd ungra skáta – RÚST.
 - a. Endurmatsblað fyllt út.
 - b. Mikil jákvæðni í garð viðburðarins, ákveðið að hafa hann aftur á næsta ári.
 - c. Ákveðin dagsetning fyrir næsta ár: 21.-23. október.
 - d. Helstu niðurstöður:
 - i. Aldur sveitaforingja og foringjaþjálfun var rætt mjög mikið.
 - ii. Óskað eftir fleiri viðburðum og meira krefjandi viðburðum.
 - iii. Sumir upplifðu það sem svo að stjórnir félaga hlusti ekki á unga fólkið.
 - iv. Skemmtileg hugmynd að viðburði: Kab á rutfa. Viðburður sem er allur „afturábak“, byrjar á slitum, kvöldmatur í hádeginu o.s.frv.
 - e. JEH er tilbúinn til að kynna helstu niðurstöður fyrir stjórn. UGS athugar hvort það sé hægt að koma því inn á næsta fund. ERS mun hefja forvinnu á niðurstöðum og hitta JEH til að taka saman kynningu.
2. Áætlun næsta árs.
 - a. Farið yfir áætlun næsta árs, viðburðum UMBIS bætt inn.
3. Önnur mál.
 - a. Jólafundur: rætt að ráðið haldi jólafund og bjóði hinum ráðunum, stjórn og starfsmönnum líka. HMV verður í bandi við ERS um málið. Tillaga að dagsetningu: 15. eða 16. desember.
 - b. Rætt um viðburði, það er vöntun á viðburði eins og Smiðjudögum og D.S. Aukalífi. Eitthvað sem er ekki námskeið eða umræður, heldur bara dagskrárviðburður til að hafa gaman.
 - c. UGS þakkar ráðinu fyrir störfín á árinu og færir kveðju frá FFS.

Fundi slitið kl. 22:19.